

# **Menningar- og viðskiptaráðuneytið**

**16 101**

**Ársreikningur 2022**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

|                                       |          |
|---------------------------------------|----------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ..... | <b>2</b> |
| Yfirlit um afkomu ársins .....        | <b>3</b> |
| Efnahagsreikningur .....              | <b>4</b> |
| Sjóðstreymisyfirlit .....             | <b>5</b> |
| Skýringar .....                       | <b>6</b> |

**Menningar- og viðskiptaráðuneytið**

**kt. 710122-1990**

**Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Menningar- og viðskiptaráðuneytið er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Hlutverk menningar- og viðskiptaráðuneytis er að skapa menningarstarfi, viðskiptalífi og ferðapjónustu umhverfi sem stuðlar að velsæld og verðmætasköpun fyrir samfélagið.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 713,9 milljónir og afkoma kr. 57,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 57,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 111,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menningar- og viðskiptaráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Menningar- og viðskiptaráðuneytis fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Sigrún Brynja Einarsdóttir  
Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

|  | Skýr | 2022                     |
|--|------|--------------------------|
| <b>Tekjur</b>  |      |                          |
| Tekjufærsla fjárveitinga .....                       | 2    | 692.600.000              |
| Framlög og ýmsar tekjur .....                        | 4    | 20.808.427               |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....          | 2    | <u>472.418</u>           |
| <b>Tekjur samtals</b>                                |      | <b>713.880.845</b>       |
| <b>Gjöld</b>   |      |                          |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður ..... | 5    | 470.148.355              |
| Annar rekstrarkostnaður .....                        | 6    | 185.979.868              |
| Afskriftir .....                                     | 7    | <u>472.418</u>           |
| <b>Gjöld samtals</b>                                 |      | <b>656.600.641</b>       |
| <b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>                    |      | <b>57.280.204</b>        |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>            |      |                          |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....             |      | <u>(93.373)</u>          |
|  |      | <u>(93.373)</u>          |
| <b>Afkoma ársins</b>                                 |      | <b><u>57.186.831</u></b> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

|   | Skýr                               | 31.12.2022         | 01.01.2022 |
|---|------------------------------------|--------------------|------------|
| <b>Eignir</b>                                     |                                    |                    |            |
| <b>Fastafjármunir</b>                             |                                    |                    |            |
| Varanlegir rekstrarfjármunir:                     |                                    |                    |            |
| Áhöld, tæki og búnaður .....                      | 8                                  | 5.064.985          | 0          |
|   |                                    | <u>5.064.985</u>   | <u>0</u>   |
|   |                                    |                    |            |
| <b>Veltufjármunir</b>                             |                                    |                    |            |
| Viðskiptakrörur .....                             |                                    | 111.870            | 0          |
| Tengdir aðilar .....                              | 9                                  | 104.552.181        | 0          |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ..... |                                    | 1.392.948          | 0          |
|   |                                    | <u>106.056.999</u> | <u>0</u>   |
|   |                                    |                    |            |
|   | <b>Eignir samtals</b>              | <b>111.121.984</b> | <b>0</b>   |
|   |                                    |                    |            |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>                        |                                    |                    |            |
| <b>Eigið fé</b>                                   |                                    |                    |            |
| Hrein eign .....                                  | 10                                 | 57.186.831         | 0          |
|   |                                    | <u>57.186.831</u>  | <u>0</u>   |
|   |                                    |                    |            |
| <b>Skuldir</b>                                    |                                    |                    |            |
| Tengdir aðilar .....                              | 9                                  | 16.560.953         | 0          |
| Viðskiptaskuldir .....                            |                                    | 11.771.643         | 0          |
| Ýmsar skammtímaskuldir .....                      | 11                                 | 5.383.012          | 0          |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....   | 12                                 | 20.219.545         | 0          |
|   |                                    | <u>53.935.153</u>  | <u>0</u>   |
|   |                                    |                    |            |
|   | <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> | <b>111.121.984</b> | <b>0</b>   |
|   |                                    |                    |            |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                          | 13                                 |                    |            |

Skyringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

|  | Skýr         | 2022            |
|--|--------------|-----------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                  |              |                 |
| Hreint veltufé frá rekstri:                |              |                 |
| Afkoma ársins .....                        | 57.186.831   |                 |
|  | <hr/>        | 57.186.831      |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:     |              |                 |
| Tengdir aðilar .....                       | (72.836.668) |                 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:    |              |                 |
| Skammtímaskuldir .....                     | 17.154.655   |                 |
|  | <hr/>        | (57.186.831)    |
|  | <hr/>        | 0               |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>             |              |                 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna ..... | 8            | (4.055.440)     |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna ..... |              | <hr/> 610.000   |
|  |              | (3.445.440)     |
| <b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>             |              |                 |
| Fjárfestingarframlag .....                 |              | <hr/> 3.445.440 |
|  |              | 3.445.440       |
| <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>       |              | 0               |
| Handbært fé í byrjun árs .....             |              | <hr/> 0         |
|  |              | 0               |
|  | <hr/>        | 0               |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstremi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds.

Tekjur af sölu vörur eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veitrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2022

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

|                                   |                    |
|-----------------------------------|--------------------|
| Fjárveiting ársins .....          | 692.600.000        |
| Tekjufærsla frestaðra tekna ..... | 472.418            |
|                                   | <u>693.072.418</u> |

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

|   | Rekstur            | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals            |
|---|--------------------|---------------------|----------------------|--------------------|
| Fjárukalög .....  | 522.000.000        | 0                   | 0                    | 522.000.000        |
| Launabætur .....  | 3.600.000          | 0                   | 0                    | 3.600.000          |
| Millifærslur milli fjárlagaliða .....                                 | 167.000.000        | 0                   | 0                    | 167.000.000        |
| <b>Fjárveiting til tekna .....</b>                                    | <b>692.600.000</b> | <b>0</b>            | <b>0</b>             | <b>692.600.000</b> |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .... | (635.413.169)      | 0                   | 0                    | (635.413.169)      |
| <b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>                      | <b>57.186.831</b>  | <b>0</b>            | <b>0</b>             | <b>57.186.831</b>  |

2022

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

|                          |                   |
|--------------------------|-------------------|
| Leigutekjur .....        | 8.968.400         |
| Kostnaðarhlutdeild ..... | 10.798.326        |
| Ýmsar tekjur .....       | 1.041.701         |
|                          | <u>20.808.427</u> |

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

|                            |                    |
|----------------------------|--------------------|
| Laun .....                 | 403.369.791        |
| Orlof, breyting .....      | (26.216.600)       |
| Launatengd gjöld .....     | 84.757.365         |
| Starfsmannakostnaður ..... | 8.237.799          |
|                            | <u>470.148.355</u> |

|                              |      |
|------------------------------|------|
| Meðalfjöldi stöðugilda ..... | 37,0 |
|------------------------------|------|

### 6 Annar rekstrarkostnaður

|   |                   |
|---|-------------------|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....                         | 1.485.385         |
| Ýmis tæki og áhöld .....                                  | 2.583.599         |
| Orkugjafar .....  | 39.622            |
| Matvæli .....   | 6.547.221         |
| Almennar rekstrarvörur .....                              | 217.942           |
| Vörukaup, almenn  | <u>10.873.769</u> |
| Kennslu- og föndurvörur .....                             | 138.031           |
| Ýmsar sérgreindar vörur .....                             | 177.496           |
| Vörukaup, sérgreind                                       | <u>315.527</u>    |
| Fundir, námskeið, risna .....                             | 10.971.989        |
| Ferðir, upphald .....                                     | 28.933.168        |
| Akstur .....  | 2.892.880         |
| Sérfræðiþjónusta .....                                    | 15.183.338        |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....          | 91.460            |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....                   | 10.642.664        |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....       | 1.289.612         |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | <u>70.005.111</u> |

## Skýringar

2022

### 6 Annar rekstrarkostnaður, frh.

|  |                    |
|--|--------------------|
| Samningsbundin kaup og leiga .....                           | 2.275.027          |
| Afnotagjöld .....  | 4.134.027          |
| Leigugjöld .....   | 50.798.064         |
| Notkun véla og flutningatækja .....                          | 2.828.170          |
| Verkkaup .....   | 5.028.450          |
| Kostnaðarhlutdeild .....                                     | 39.719.723         |
| Opinber gjöld .....  | 2.000              |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | <u>104.785.461</u> |
| Annar rekstrarkostnaður samtals                              | <u>185.979.868</u> |

### 7 Afskriftir

|                              |                |
|------------------------------|----------------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | <u>472.418</u> |
|                              | <u>472.418</u> |

31.12.2022

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                              |                  |          |
|------------------------------|------------------|----------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | 5.064.985        | 0        |
|                              | <u>5.064.985</u> | <u>0</u> |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

|  | Áhöld, tæki<br>og búnaður | Samtals          |
|--|---------------------------|------------------|
| Staða 01.01.2022 .....                       | 0                         | 0                |
| Bókfært virði eigna fluttar frá 02-101 ..... | 1.481.963                 | 1.481.963        |
| Viðbætur á árinu .....                       | 4.055.440                 | 4.055.440        |
|  | <u>5.537.403</u>          | <u>5.537.403</u> |
| Afskriftir 01.01.2022 .....                  | 0                         | 0                |
| Afskrift ársins .....                        | <u>472.418</u>            | <u>472.418</u>   |
|  | <u>472.418</u>            | <u>472.418</u>   |
| Staða 31.12.2022 .....                       | <u>5.064.985</u>          | <u>5.064.985</u> |

### 9 Tengdir aðilar

31.12.2022      01.01.2022

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

|  |                    |          |
|--|--------------------|----------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....      | 86.324.333         | 0        |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs ..... | 18.227.848         | 0        |
|  | <u>104.552.181</u> | <u>0</u> |

*Skuldir við tengda aðila:*

|   |                   |          |
|---|-------------------|----------|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs ..... | <u>16.560.953</u> | <u>0</u> |
|   | <u>16.560.953</u> | <u>0</u> |

## Skýringar

31.12.2022 01.01.2022

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

|                 |            |   |
|-----------------|------------|---|
| Jöfnuður 1.1.   | 0          | 0 |
| Afkoma ársins   | 57.186.831 | 0 |
| Jöfnuður 31.12. | 57.186.831 | 0 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 01.01.2022

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

|                     |           |   |
|---------------------|-----------|---|
| Ógreitt orlof       | 5.252.586 | 0 |
| Önnur ógreidd gjöld | 130.426   | 0 |
|                     | 5.383.012 | 0 |

### 12 Frestun tekjfærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 01.01.2022

|   |            |   |
|---|------------|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 5.064.985  | 0 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga             | 15.154.560 | 0 |
|   | 20.219.545 | 0 |

|   | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestingafjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|-------------------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Staða 01.01.2022  | 0                                   | 0                       | 0                        |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins                           | 0                                   | 18.600.000              | 18.600.000               |
| Frestuð fjárfestingafjárveiting með flutningi frá 02-101. | 0                                   | 1.481.963               | 1.481.963                |
| Bókfært virði eigna fluttar frá 02-101                    | 1.481.963                           | (1.481.963)             | 0                        |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna                  | 0                                   | 610.000                 | 610.000                  |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum                | 4.055.440                           | (4.055.440)             | 0                        |
| Tekjfærsla frestaðra tekna                                | (472.418)                           | 0                       | (472.418)                |
|   | 5.064.985                           | 15.154.560              | 20.219.545               |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,9 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## Skýringar

### 13 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi húsaleigusamning, greiðslur ársins 2023 vegna húsaleigu nema um 54,0 milljónum króna.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.